

Samgöngustofa
Geir Þór Geirsson

31. janúar 2025

Efni: Ítrekun á ósk um niðurfellingu á árgjaldi-lögskráning
Tímabil: 01.01.24 – 31.12.24

Í framhaldi af bréfi LS dagsett 13. janúar sl. er hér með ítrekuð ósk LS um niðurfellingu krafna í heimabanka félagsmanna. Reikningur sem andlag kröfunnar er dagsettur 31.12.2024 og sendur í tölvupósti frá bókhaldi Samgöngustofu 10. janúar sl. Lýsing á reikningi „Tímabil: 01.01.24 – 31.12.24, Árgjald – lögskráning“. „Nr. 4,7,1A“.


Félagsmenn í LS – smábátæigendur, hafa til þessa greitt árgjald fyrir aðgang að lögskráningarkerfi sjómanna (pr. notanda, pr. skip) til rafrænnar lögskráningar. Á árinu 2024 var upphæð gjaldsins 4.606 kr. sbr. lið 4.7.3 í gjaldskránni. Liðurinn þar á undan 4.7.2 er hins vegar árgjald þegar skrá þarf fleiri en einn, sem á við minnihluta félagsmanna LS.

Afnót af annarri þjónustu er varðar lögskráningu á fylgiskjali gjaldskrárinnar er félagsmönnum LS óviðkomandi og ber því ekki að greiða fyrir.

Hafi Samgöngustofa í hyggju að breyta framangreindu fyrirkomulagi er stofnuninni í lófa lagið að gera það, enda verði þjónustan kynnt fyrir LS sem gæti lagt mat á hvort hún væri nauðsynleg fyrir félagsmenn. Á þann hátt sem hér hefur verið lýst telur LS eðlilegt að standa að málum, en ekki eftiráinnheimtu fyrir það sem ekki hefur verið kynnt.

LS ítrekar óskir um téðir reikningar verði felldir niður.

Virðingarfyllst



framkvæmdastjóri